



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/42

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. B 128/1152
komudagur 19.2.2003

19. febrúar 2003

Efni: Um frumvarp til breytinga á lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, 485. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 7. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:


1. Frumvarp þetta er fylgifrumvarp með frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á umferðarlögum nr. 50/1987, 489. mál, þingskjal 805, sem er til umfjöllunar í allsherjarnefnd. Frumvarpið tekur því mið af orðalagi og hugtakanotkun frumvarps dómsmálaráðherra. Er það að sínu leyti eðlilegt undir venjulegum kringumstæðum, en ekki alls kostar heppilegt í því tilviki, er hér um ræðir, þar sem hugtakanotkun í frumvarpi dómsmálaráðherra er ekki að öllu leyti í samræmi við þá tilskipun Evrópusambandsins, sem því frumvarpi er ætlað að innleiða.
2. Vorið 2001 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2001 um breytingu IX. viðauka (Fjármálþjónusta) við EES-samninginn, 639. mál þess þings. Í þingsályktuninni fólst heimild til að fella inn í EES-samningnum tilskipun 2000/26/EB, sem snýr að reglum um ábyrgðartryggingar vélknúinna ökutækja. Gengur hún undir heitinu fjórða tilskipun um ökutækjatrýggingar. Þessi tilskipun fylgdi þingsályktunartillögunni í íslenskri þýðingu. Var til þeirrar þýðingar vandað eftir fönngum, m.a. varðandi hugtakanotkun. Í þessari fjórðu tilskipun um ökutækjatrýggingar er fyrst og fremst verið að mæla fyrir um í fyrsta lagi **tjónsuppgjörfulltrúa** (á ensku claims representatives), í öðru lagi um **upplýsingamiðstöðvar** (á ensku information centres) og í þriðja lagi um **tjónsuppgjörstofnanir** (á ensku compensation bodies, á dönsku erstatningsorgan). Framantalin heiti á íslensku voru valin í ljósi verkefna þeirra, sem undir þessa aðila eiga að heyra, m.a. eru verkefni og skyldur

tjónsuppgjörfulltrúa allt aðrar en tjónsuppgjörstofnunar, og mikilvægt að heitin gefi það til kynna. Í frumvarpi dómsmálaráðherra er hins vegar án nokkurra skýringa vikið frá heitinu tjónsuppgjörstofnun og tekið upp í staðinn orðið tjónsuppgjörsaðili. Er þetta gert þrátt fyrir það, að bæði í íslenskri þýðingu tilskipunarinnar, sem fylgdi þingsálykturartillögunni á sínum tíma og fylgir nú frumvarpi dómsmálaráðherra, er notað heitið tjónsuppgjörstofnun, og einnig að orðin tjónsuppgjörsaðili og tjónsuppgjörfulltrúi eru merkingarlega nátengd, ef ekki eins. Virðist því sem hér sé verið að auka líkur á misskilningi og ágreiningi, og það algjörlega að tilefnislausu.

Lagt er til með vísan til framangreinds, að í stað orðsins **tjónsuppgjörsaðila** í 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins verði tekið upp **tjónsuppgjörstofnunar**.

Samband íslenskra tryggingafélaga mun í umsögn til allsherjarnefndar um breytingarfrumvarpið í umferðarlögum, 489. mál, koma sömu sjónarmiðum á framfæri. Er undirritaður reiðubúinn að skýra málefni þetta frekar, verði eftir því óskað.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson